



Fundargerð

18. fundur atvinnu- og menningarmálanefndar Djúpavogshrepps kjörtímabilið 2018-2022

Fundur var haldinn í atvinnu- og menningarmálanefnd Djúpavogshrepps á Hótel Framtíð, Djúpavogi, fimmtudaginn 7.maí 2020 kl. 16:15. Fundinn sátu Þorbjörg Sandholt formaður, Berglind Elva Gunnlaugsdóttir, Bergþóra Birgisdóttir, Hafliði Sævarsson og Sigurjón Stefánsson. Einnig sat Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir atvinnu- og menningarmálafulltrúi fundinn. Þorbjörg stjórnaði fundi.

Dagskrá var eftirfarandi:

1. Staðan í atvinnumálum vegna Covid-19
2. Sýning Sigurðar Guðmundssonar
3. Skýrsla atvinnu- og menningarmálafulltrúa
4. Styrkur vegna fjarlægðar
5. Önnur mál

1. Staðan í ferðaþjónustu vegna Covid-19

Fulltrúar ferðaþjónustunar mættu á fundinn undir þessum lið og fóru yfir stöðuna sem upp er komin vegna Covid-19. Hópurinn var sammála um að erfitt væri að skipuleggja næstu vikur því þrátt fyrir að reglur um samkomubann séu að rýmka þá er ómögulegt að segja hvernig staðan verður í sumar. Halldóra Dröfn fór vel yfir þau verkefni sem Austurbrú er að vinna að sem gagnast ferðaþjónustuaðilum vel og hvatti hópinn til að kynna sér það betur. Ánægja er með fundina sem Austurbrú heldur vikulega fyrir aðila í ferðaþjónustu. Hópurinn er sammála um að vera í meira samtali á næstu vikum og Halldóru Dröfn falið að koma því samtali á. Einnig var ákveðið að marka leið, um með hvaða hætti best væri að standa að markaðssetningu og kynningum fyrir okkar svæði. Rætt var um hvort að hægt væri t.d. að nýta heimasíðu sveitarfélagsins betur. Farið var yfir það að mikilvægt væri að nýta sumarið vel til að vinna að ákveðnum verkefnum sem styðja innviði í ferðaþjónustu s.s. stika gönguleiðir, laga stíga og þess háttar. Nefndin þakkar þeim sem mættu á fundinn fyrir gagnlegar upplýsingar og góðar umræður. Gott að finna að það er hugur í fólki og allir staðráðnir í að gera það besta úr stöðunni.

2. Sýning Sigurðar Guðmundssonar

Sigurður Guðmundsson, Ineke Guðmundsson og Þór Vigfússon komu á fundinn undir þessum lið. Sigurður gerði grein fyrir því að sýningu sem hann hafði fyrirhugað í sumar verður frestað um ár. Þess í stað verði haldin sýning í anda Rúllandi Snjóbolta í samræmi við þær samkomureglur sem í gildi verða í sumar. Undirbúningur er þegar hafinn og nefndinni list vel á þessar hugmyndir.

3. Skýrsla atvinnu- og menningarmálafulltrúa

Halldóra Dröfn, atvinnu- og menningarmálafulltrú gerði grein fyrir þeim málum sem hún hefur unnið að frá síðasta fundi. Búið er að panta nýjar merkingar fyrir staðbundna vöru sem verður til sölu í Kjörbúðinni. Unnið er að því að stika gönguleiðir í samstarfi við Ferðafélag Djúpavogs. Önnur verkefni eru í ferli.

4. Menningarstyrkur vegna fjarlægðar

Djúpavogshreppur fær árlegan styrk frá SSA vegna fjarlægðar. Nefndin leggur til að styrkur fyrir 2020 verði nýttur í fyrirhugaða sýningu Rúllandi Snjóbolta í sumar.

5. Önnur mál

- a) Halldóra Dröfn óskaði eftir því að hún, forstöðumaður þjónustumiðstöðvar, formaður atvinnunefndar og sveitarstjóri gætu hist til að fara yfir þau verkefni sem óskað yrði eftir að þjónustumiðstöðin tæki að sér í sumar. Þorbjörg stakk uppá því að Halldóra boðaði ofangreinda aðila á fund til að fara yfir verkefnin.
- b) Umræða um að skoða möguleika á að koma upp fugla- og eggjasafninu. Halldóru Dröfn falið að skoða hvernig staðan er á því.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:40

Þorbjörg Sandholt var fundarritari